

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1087

Dagsetning: 28. október 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), sem sat fundinn undir lið 10, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem sat fundinn undir liðum 1 til 8 og ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 21. október 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

4. Aðsend erindi

Rætt var um fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneytinu um skimanir við krabbameinum. Erindið hefur verið sent til yfirlæknis Samhæfingarmiðstöðvar krabbameinsskimana sem mun vinna drög að svari.

5. Fjármögnun HH

Rætt var um ýmsar tillögur sem hafa verið settar fram um hvernig hægt er að spara í rekstri HH.

6. Starfsdagur stjórnenda

Umræður um efnistöð á starfsdegi stjórnenda sem fyrirhugað er að halda 13. febrúar 2026.

7. Stofnun ársins

Upplýst var að könnunin Stofnun ársins sé að fara í gang aftur og að starfsfólk muni fá póst með hlekk á könnunina fljótlega.

8. Innrennslismiðstöð

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem settar voru fram tillögur um að HH setji upp innrennslismiðstöð staðsetta í Mjóddinni sem taki við öllum innrennslismeðferðum stofnunarinnar.

9. Miðstöð rafrænnar þjónustu

Kynnt var kortlagning HH á þjónustu stofnunarinnar sem gæti flust í miðstöð rafrænnar þjónustu hjá heilbrigðisráðuneytinu. Skjalið hefur verið sent ráðuneytinu og verður fundað um málið áfram.

10. Geðheilsuteymi ADHD

Upplýst var um stöðu vinnu við að forgangsraða greiningarvinnu Geðheilsuteymis ADHD.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf áfram með tillögur um hvernig hægt er að spara í rekstri HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM, RÓE og HP
- Vinna þarf drög að dagskrá fyrir starfsdag stjórnenda og bóka sal, sjá lið 6.
Ábyrgð: SJ
- Upplýsa þarf að Stofnun ársins könnunin sé að fara í gang á fundi fagstjóra, sjá lið 7.
Ábyrgð: SJ
- Svara þarf erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um innrennslismiðstöð, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM
- Halda þarf áfram samskiptum við heilbrigðisráðuneytið um miðstöð rafrænnar þjónustu, sjá lið 9.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:55.